

1870.

1. nóvbr.

96. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun handa prófdóm- anda við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík.

Með bréfi 3. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skólameistari við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðsson, sækir um, að megi veita forstöðumanni barnaskólans í sama bæ, Helga E. Helgesen, sem á þessu ári var skikkaður til að vera prófdómandi við burtfararpróf í hinum lærða skóla, 10 rd. þóknun fyrir aðstoð þessa skólanum til handa, og hafið þér stungið uppá, að þessa upphæð megi borga skólastjóra Helga Helgesen af því fê, sem veitt er handa skólanum með fjárhagslögum þessa árs til ymsra útgjalda.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar og sêrstaklega af því, að sá, sem hêr á í hlut, er ekki embættismaður; þó verður að gæta þess, að farið verði ekki fram úr nefndri fjárveiting handa skólanum með þessu.

1. nóvbr.

97. Bréf dómismálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærslurêtt sveitarómaga.

Í bréfi 15. júlí þ. á. með fylgiskjölum hafið þér, herra amtmaður, borið undir dómismálastjórnina til úrslita ágreining nokkurn, sem orðið hefir milli yðar og amtmannsins í norður- og austurumdæminu um það, hvort Svalbarðstrandarhreppur í norðurumdæminu eigi að endurgjalda Breiðvíkurhrepp í vesturumdæminu 19 rd. 16 sk., sem fátækrastrjórnin í hinum síðar nefnda hrepp hefir veitt Jóni heitnum Jónssyni á Saxhóli árið 1864, og hvort ekkja hans og börn sê sveitlêg þar; einnig svo um það, hvort Breiðvíkurhreppur eigi að borga aptur Svalbarðstrandarhrepp 10